

HÖNNUN

Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur

Dagana 23. til 27. nóvember nk. verður sýningin Handverk og hönnun haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar verður íslenskt handverk, hönnun og listiðnaður í aðalhlutverki. Munu þá hönnuðir og handverksfólk sýna og kynna vörur sínar alla helgina.

Opið verður frá kl. 16-19 á fimmtudag og frá 11-18 á föstudag, laugardag, sunnudag og mánudag.



Morgunblaðið/Styrmir Kári



Margir kannast við rúnamen Alrúnar.



Jón Bjarni Bjarnason og Melanie Adams. Hægt er að fylgjast með fyrirtækinu á Instagramsíðunni alrun.nordic.design.

Ást er heitið á þessu teppi en munstrið er unnið úr bandrún sem merkir orðið ást.

Bandrúnir á íslensk ullarteppi

Alrún er fjölskyldufyrirtæki í eigu þeirra Jóns Bjarna Baldurssonar og Melanie Adams. Alrún hefur síðan árið 1999 framleitt skartgripi með bandrúnunum. Nýverið hóf Alrún framleiðslu á teppum úr íslenskri ull skreyttum munstrum unnum út frá rúnunum þeirra.

Ég vinn aðallega með bandrúnir. Ég fór í háskólanám í Kanada og rannsakaði tákn og fór að hanna mínar eigin rúnir," útskýrir Jón Bjarni sem fór í kjölfarið að hanna hálsmen og armbönd með rúnatáknunum.

Hann byrjaði á því að rannsaka hvaða meiningu fólk vildi hafa um hálsinn og hvað því myndist um táknin sjálf án þess að vita hvað þau þýddu. Eftir að hafa valið 12 tákn sem hann vildi nota fór hann að gera nokkrar útgáfur af hálsmenum. Vörur Alrúnar nutu mikilla vinsælda á erlendri grundu og eru nú seldar í tæplega hundrað verslunum í tíu löndum.

Fara rólega í vörubrún

„Við erum ekki að sækjast eftir því að fylgja tískubylgju, frekar að hanna tímalausa vöru sem stenst tímans tönn,“ útskýrir Melanie en Alrún hefur farið rólega í vörubrún og það er ekki fyrr en núna sem hjónin eru farin að breikka úrvalið fyrir alvöru. Nýjasta afurð Alrúnar eru teppi úr íslenskri ull með munstrum unnum út frá rúnunum Jóns Bjarna.

„Við vildum að fólk sæi munstur en ekki endilega táknin okkar,“ útskýrir Jón Bjarni sem fékk hönnuðinn Þórdísi Claessen til liðs við sig. Þórdís vann að því að útfæra bandrúnir Jóns í munstur. „Hver rún hefur meiningu og notast Þórdís eingöngu við eina rún í hvert teppi.“

Jón Bjarni segir Alrúnu smátt og smátt vera að færa sig inn á línu af heimilsvörum. Hjónin segja fyrirtækið stefna á að koma með fleiri útgáfur af teppum, púðaverum og barnarúmfötum í náinni framtíð.

Aðspurð hvernig hugmyndin að innanhússlíunni kviknaði svarar Melanie: „Það var kominn tími til að prófa eitthvað annað. Hálsmenin hafa gengið svo vel. Okkur fannst það styrkja grunn fyrirtækisins að breikka vöruúrvalið en okkur langaði snemma að breyta rúnunum okkar í munstur og sjá hvert það myndi leiða og það endaði í textíl.“ Litina í teppunum segir Melanie vera ýkta útgáfu litanna í íslenskri náttúru.

„Það sem við leggjum áherslu á, og gerir fyrirtækið okkar spennandi, er hvernig við tengjum saman norrænar hefðir og nútímahönnun.“

Alrún hefur nýverið opnað netverslun, alrun.is, og verður jafnframt með teppin á Ráðhúsmarkaði Handverks og hönnunar. sigurborg@mbl.is

SÓFAVEISLA LOKAHELGIN

25% AF ÖLLUM SÓFUM

AFSLÁTTUR



HUSGAGNA
HÖLLIN

NÝ OG BETRI VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is

SÓFA
VEISLA
25% AF ÖLLUM
SÓFUM



Reykjavík
Akureyri
Ísafjörður
www.husgagnahollin.is
558 1100

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Þú finnur Sófaveislu-
blaðið á husgagnahollin.is